

Aðalfundur landssamtakanna Geðhjálpar 2024

Haldinn í Valsheimilinu Hlíðarenda þriðjudaginn 25. mars kl. 16.

Svava Arnardóttir, formaður Geðhjálpar setti fundinn. Svava stakk upp á Héðni Unnsteinssyni sem fundarstjóra. Samþykkt með lófaklappi.

Fundarstjóri tekur við fundinum.

Fundarstjóri fór yfir lögmæti fundarins en hann var auglýstur í Morgunblaðinu 27. febrúar sl., 25 dögum fyrir fund. Einnig fengu allir félagsmenn og styrktarfélagar sendan tölvupóst sama dag og fundurinn var auglýstur á samfélagsmiðlum og á heimasíðu Geðhjálpar frá 26. febrúar sl.

Fundarstjóri spurði hvort einhverjar athugasemdir væru gerðar við boðun fundarins. Engar athugasemdir gerðar og taldist hann því lögmætur.

Fundarstjóri stakk upp á Grími Atlasyni sem fundarritara. Samþykkt með lófaklappi.

Fundarstjóri minnti fundarmenn á að gögn fundarins – ársskýrsla og ársreikning mætti nálgast á heimasíðu samtakanna. Einnig lágu nokkur út prentuð eintök af ársreikningi samtakanna á fundarstað fyrir fundarfólk ef þess væri óskað.

1. Skýrsla stjórnar

Svava Arnardóttir, formaður stjórnar, flutti skýrslu stjórnar. Stiklaði þar á stóru yfir starfsemi samtakanna árið 2024. Hún rifjaði upp að Geðhjálp fagnaði 45 ára afmæli þann 9. október sl. og hversu mikilvæg samtökin hafa verið frá stofnun í baráttunni fyrir bættum mannréttindum og úrbótum í geðheilbrigðismálum. Svava minnti einnig á mikilvægi raunverulegs samráðs við notendur og hagaðila á öllum stigum.

Fundarstjóri tók fram að umræður um skýrslu stjórnar færu fram samhliða umræðum um ársreikning.

2. Kynning ársreiknings og tillaga um félagsgjöld

Sigmar Þór Ármannsson, gjaldkeri stjórnar, kynnti ársreikning samtakanna starfsárið 2024 og lykiltölur í rekstri og skýringar á tekjum og útgjöldum.

Gjaldkeri kynnti jafnframt tillögu stjórnar um óbreytt árgjald fyrir félagsmenn. Árgjald verði 2.400 kr.

3. Umræður um skýrslu stjórnar og ársreikning

Fundarstjóri opnaði fyrir umræður um skýrslu stjórnar og ársreikning samtakanna. Kristinn Tryggvi Gunnarsson, fyrrverandi gjaldkeri Geðhjálpar, spurði út í hagnað og

BAK
AA
SA

hvort ekki væri gert ráð fyrir að láta hluta hans eða allan renna í Styrktarsjóð geðheilbrigðis. Framkvæmdastjóri var til svara og fór yfir að samtökin hefðu fengið íbúð að gjöf á árinu 2024 og söluandvirði hennar væri um 42 af þeim 54 m.kr. sem Geðhjálp skilaði í hagnað það ár. Stjórn hefði ákveðið að halda þeim peningum á bankareikningi samtakanna og eyrnamerkja „Skjólshúsi“.

4. Samþykkt ársreiknings

Fundarstjóri ber ársreikning fram til samþykktar. Samþykktur með handauppréttingu og var enginn á móti.

5. Ákvörðun um félagsgjald næsta árs

Fundarstjóri bar fram tillögu stjórnar um að félagsgjald verði óbreytt 2.400 kr.

Samþykkt einróma.

6. Kosning skoðunarmanna reikninga.

Fundarstjóri kynnti tillögu þess efnis að Hrannar Jónsson og Guðrún Soffía Guðmundsdóttir verði skoðunarmenn reikninga yfirstandandi árs. Samþykkt einróma.

7. Kynning á framboðum til stjórnar

Alls buðu fimm einstaklingar sig fram til stjórnar. Laus sæti í aðalstjórn voru: tvö til tveggja ára og tvö sæti í varastjórn til eins árs.

Framboð til stjórnar í stafrófsröð:

1. Birgir Páll Hjartarson
2. Hallgrímur Hrafnsson
3. Jón Ari Arason
4. Sigrún Sigurðardóttir
5. Sveinn Rúnar Hauksson

Fundarstjóri minnti á að þegar kæmi að kosningu ætti að velja allt að fjóra (4) frambjóðendur með því að setja x í reitina fyrir framan nöfnin á kjörseðlinum. Merkja mætti við færri en fjóra en ekki færri en einn (1). Þeir fjórir frambjóðendur sem hlytu flest atkvæði næðu kjöri í aðalstjórn, en þeir sem tveir næstu næðu kjöri í varastjórn. Ef frambjóðendur hlytu jafnmörg atkvæði réði hlutkesti því hver raðaðist ofar í endanlegu röðina inn í stjórnina.

Frambjóðendur kynntu sig í stafrófsröð og fengu til þess 2 mínútur hver.

BM
AA
SA

Fundarstjóri skilaði inn kveðju frá Hallgrími Hrafnssyni sem var erlendis og átti því ekki heimangengt á fundinn. Sveinn Rúnar Hauksson var einnig fjarverandi. Aðrir frambjóðendur kynntu sig.

8. Kosning til stjórnar

Kosning stjórnar fór fram og fundarstjóri fór aftur yfir framkvæmdina – kjörkassa var síðan skilað til talninganefndar en í henni sátu þær: Guðný Guðmundsdóttir og Erla Rut Mathiesen.

9. Stutt kaffihlé

Á meðan talning fór fram var stutt kaffihlé.

10. Niðurstöður kosningar

Talninganefnd lauk störfum og færði fundarstjóra niðurstöður kosninga. Fundarstjóri tilkynnti að kosningu hefðu náð í aðalstjórn til næstu tveggja ára:

Jón Ari Arason hlaut flest atkvæði.

Birgir Páll Hjartarson og Sigrún Sigurðardóttir hlutu jafnmörg atkvæði og tilkynnti fundarstjóri að hlutkesti myndi ráða hvort þeirra næði inn í aðalstjórn. Sigrún Sigurðardóttir bað þá um orðið og óskaði eftir því að fá að setjast í varastjórn. Var ekki gerð athugasemd við þetta og Birgir Páll því réttkjörinn aðalmaður í stjórn.

Í varastjórn fram til næsta aðalfundar samtakanna setjast: Sigrún Sigurðardóttir og Hallgrímur Hrafnsson.

11. Önnur mál

Fundarstjóri spurði hvort einhver fundargesta vildi taka til máls.

Spurt var hvort einhver fræðsla hafi verið á síðasta ári á vegum samtakanna. Framkvæmdastjóri svaraði því að fjórir opnir fræðslufundir hafi verið haldnir í Hlutverkasetri á vegum samtakanna. Jafnframt hafi verið farið í fræðsluferðalag um landið sl. haust og haldnir 12 fundir. Einnig voru haldnir fundir í tengslum við aðild samtakanna að Umhyggju.

Svava Arnardóttir, formaður Geðhjalpar, bað um orðið og þakkaði þeim Elínu Atim og Sveini Rúnari Haukssyni fyrir þeirra óeigingjarna starf fyrir samtökin sl. ár.

12. Fundarslit

Fundarstjóri sleit fundi kl. 17:01.

Birgir Páll Hjartarson

Jón Ari Arason

Svava Arnardóttir

BPM

AA

SA